



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 4. mars 2019  
R19020242

Borgarráð

***Minnisblað vegna öryggisbrests í Mentor 14. febrúar 2019***

Lagt er fram til kynningar í borgarráði minnisblað persónuverndarfulltrúa vegna öryggisbrests í Mentor fimmtudaginn 14. febrúar og viðbragða innan stjórnslu Reykjavíkurborgar í kjölfar þess að vinnsluaðilinn Infomentor gerði skólastofnunum í Reykjavíkurborg sem ábyrgðaraðilum viðvart um hann.

Dagbjört Hákonardóttir  
persónuverndarfulltrúi

Hjálagt:

Minnisblað persónuverndarfulltrúa dags. 4. mars 2019 vegna öryggisbrests í Mentor



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 4. mars 2019

R19020242

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Dagbjört Hákonardóttir

---

### *Öryggisbrestur í Mentor – rafrænu upplýsingakerfi skóla í Reykjavík*

Í lok dags fimmtudaginn 14. febrúar varð Infomentor ehf. uppvíst um heimildarlausu upplýsingasöfnun úr skólaupplýsingakerfi Mentor af hálfu skráðs notanda hér á landi. Viðkomandi tókst að nýta sér veikleika í kerfinu til að safna kennitölum og prófilmyndum 422 nemenda í 96 skólum á Íslandi. Alls nota 35 grunnskólar kerfið í Reykjavík, sem og einn leikskóli. Samkvæmt upplýsingum frá Infomentor brugðust hugbúnaðarsérfræðingar Mentor við jafnskjótt og málið kom upp, veikleikinn þegar lagfærður og öryggi kerfisins tryggt. Jafnframt hafa sveitarfélög, persónuverndarfulltrúar sveitarfélaga og skólastjórar allra skóla hér á landi sem nota Mentor hlotið upplýsingar um brestinn, þar á meðal skólar nemenda sem urðu ekki fyrir honum með beinum hætti.

Þegar bresturinn átti sér stað enduðu vefslóðir á síðum nemenda á sex handahófskenndum tölum. Með því að breyta þeim gat notandi nálgast upplýsingar um aðra notendur. Upplýsingaöryggisfyrirtækið Syndis fékk ábendingu um veikleikann frá ónafngreindum aðila og tilkynnti um það til Mentor. Að loknum greiningum varð ljóst að um var að ræða notanda í kerfinu, þ.e. foreldri, og ekki var hægt að nýta sér veikleikann nema vera skráður inn í kerfið. Infomentor setti sig í samband við foreldrið, sem hefur nú undirritað yfirlýsingu um að engin gögn hefðu verið sótt fyrir utan prófilmyndir og kennitölur. Öllum myndum hafi verið eytt samstundis, en í tilkynningu til Syndis hafi viðkomandi einungis sagt frá tæknilegum atriðum og greint frá kennitölum með svokallaðri .txt skrá.

Persónuverndarfulltrúi hefur tilkynnt Persónuvernd um brestinn í samræmi við 27. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 fyrir hönd þeirra skóla sem í hlut eiga. Alls hafði bresturinn áhrif á 160 börn innan Reykjavíkurborgar í 34 skólum, þar af 33 grunnskólum og einum leikskóla. Tilkynningar sex skóla bárust Persónuvernd laugardaginn 16. febrúar sl., en að kvöldi þess dags var ekki vitað um endanlegt umfang brestsins. Viðbótarupplýsingar og seinni hlutar 6 tilkynninga bárust Persónuvernd fimmtudaginn 21. febrúar sl. hvaða skólastofnanir Reykjavíkurborgar varðar, en heildarumfang brestsins var ekki gert ljóst gagnvart persónuverndarfulltrúa fyrr en kl. 16.01 mánudaginn 18. febrúar sl. Reykjavíkurborg hefur jafnframt notið samráðs við Persónuvernd vegna málsins.

Þá hefur persónuverndarfulltrúi staðið fyrir upplýsingamiðlun til grunnskóla og lagt fyrir þá að senda foreldrum og forsjáraðilum upplýsingar í tölvupósti í því skyni að upplýsa þá um framgang málsins. Þann 26. febrúar sl. fengu foreldrar og forsjáraðilar barna sem bresturinn náði til upplýsingar um að bresturinn hefði náð til þeirra barns. Var tilkynning þessi send á þremur tungumálum, þ.e. íslensku, ensku og pólsku og foreldrar hvattir til að hafa samband við persónuverndarfulltrúa í því skyni að nálgast frekari upplýsingar vegna málsins.

Persónuverndarfulltrúa hafa borist um 170 erindi vegna brestsins frá foreldrum og öðrum vegna málsins. Þeim hefur öllum verið svarað. Reykjavíkurborg lítur þó málið alvarlegum augum enda er afar mikilvægt að gæta sérstaklega vel að öryggi persónuupplýsinga nemenda. Persónuverndarfulltrúi hefur að auki hvatt Infomentor til að kæra brestinn til lögreglu, en Mikilvægast er þó að öryggi persónuupplýsinganna í Mentor hefur nú verið tryggt enn frekar. Ítrekað er að viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 90/2018 urðu ekki aðgengilegar. Reykjavíkurborg hefur þó komið því á framfæri við Infomentor með bréfi dags. 1. mars sl. að rétt flæði upplýsinga og skjót viðbrögð af hálfu vinnsluaðila hafi mikla þýðingu þegar ábyrgðaraðilum er gert viðvart um öryggisbresti í samræmi við 2. mgr. 27. gr. laga nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi hefur því í samvinnu við önnur sveitarfélög lagt til við Infomentor að verklag innan fyrirtækisins verði fært í betri horfur í því skyni að það samræmist betur ákvæðum vinnslusamnings á milli ábyrgðaraðila innan Reykjavíkurborgar, dags. 28. janúar 2019 sem og lögum 90/2018. Jafnframt hefur persónuverndarfulltrúi komið því á framfæri við Infomentor að æskilegt sé að kæra brot sem þessi til lögreglu.

Dagbjört Hákonardóttir  
persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar